

Mál nr. 439/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Kona rann á skábraut við inngang að bakdyrum atvinnuhúsnaðis 23.10.2008.****Gögn.**

215. Málskot, móttakið 2.10.2013, ásamt fylgigögnum.

216. Bréf X, dags. 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23.10.2008 var M á leið til vinnu sinnar hjá A. Rann hún þá á skábraut (rampi) sem liggur upp að inngangi að bakdyrum þar sem A var til húsa. Húseign sú sem slysið varð við er í eigu V. M kveður háلكu og snjó hafa verið umræddan dag og hafi af þeim sökum dottið illa á rófubeinið. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum liggur skábrautin, sem er úr tré, samsíða húsveggnum upp á tréfall sem er fyrir framan dyrnar í um 86 cm hæð frá jörðu. Hinum megin við dyrnar liggja trétröppur með þremur þrepum að pallinum og eru þær einnig við húsvegginn. Pallurinn ásamt skábrautinni og tröppunum mun hafa verið reistur á árinu 2000 af þáverandi leigutaka. Engin handrið eru á skábrautinni, pallinum eða tröppunum.

M kveður umræddan stigabúnað vera óforsvaranlegan og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur fallist á bótaskyldu en telur að M verði að bera tjóns sitt sjálf að þriðjungi vegna eigin sakar.

Álit.

Samkvæmt framangreindu er ekki ágreiningur með aðilum um ábyrgð V á líkamstjóni M. Fram kemur í gögnum málsins að M sem er fædd á árinu 1972 hafi starfað hjá A frá 1.3.2006. Hún átti því að þekkja vel allar aðstæður á pallinum og þá hættu sem sem gat skapast vegna háلكu á pallinum og aðliggjandi uppgönguleiðum. Samkvæmt 2. mgr. 26 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda. Ekki verður séð að M hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt ákvæði þessu. Hún ber því sjálf nokkra ábyrgð á slysinu. Vegna þessarar meðábyrgðar sinnar verður M að bera tjón sitt sjálf að nokkru leyti. Eftir atvikum þykir rétt að hún beri sjálf 1/3 hluta tjónsins en fái það bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.